



Aðalfundur Ísfélags hf. haldinn 23. apríl 2025

DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tillaga um starfskjarastefnu.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðenda félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
7. Tilnefning tveggja utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd.
8. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
9. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.



TILLAGA UM GREIÐSLU ARÐS

Aðalfundur Ísfélags hf. haldinn í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 23. apríl 2025 samþykkir að greiddar verði ISK 2.100.000.000 í arð vegna ársins 2024, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um meðferð hagnaðar. Arðgreiðslan sem hlutfall af hagnaði ársins 2024 er 94,4% og jafngildir ISK 2,568 á hvern hlut. Tillagan er í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins sem kveður á um að greiða að lágmarki 30% af hagnaði næstliðins árs í arð til hluthafa.

Samþykki aðalfundur tillöguna skulu arðsréttindi miða við hluthafaskrá félagsins í lok dags 25. apríl 2025, þ.e. viðskipti sem gerð eru í síðasta lagi 23. apríl 2025. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna rekstrarársins 2024 verður því 25. apríl 2025, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 16. maí 2025



TILLAGA UM STARFSKJARASTEFNA

Stjórn Ísfélags hf. leggur til við aðalfund félagsins að starfskjarastefna verði samþykkt í óbreyttri mynd.



KOSNING STJÓRNAR

Í framboði til stjórnar félagsins eru eftirfarandi:

- Guðbjörg Matthíasdóttir
- Einar Sigurðsson
- Gunnar Sigvaldason
- Steinunn H. Marteinsdóttir
- Sigríður Vala Halldórsdóttir



KOSNING ENDURSKOÐENDA FÉLAGSINS

Stjórn Ísfélags hf. að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar félagsins, leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði áfram endurskoðendur félagsins. KPMG ehf. fól Matthíasi Þ. Óskarssyni og Sigurjóni Ö. Arnarsyni ábyrgð á endurskoðun og áritun ársreiknings 2024.



ÁKVÖRÐUN UM ÞÓKNUN STJÓRNARMANNA OG NEFNDARMANNA Í ENDURSKOÐUNARNEFND

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að stjórnarlaun vegna ársins 2025 verði sem hér segir:

- Stjórnarformaður fái í stjórnarlaun ISK 517.500 á mánuði og aðrir stjórnarmenn ISK 258.750 á mánuði.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að þóknanir vegna endurskoðunarnefndar vegna ársins 2025 verði sem hér segir:

- Formaður endurskoðunarnefndar fái í þóknun ISK 269.100 á mánuði og aðrir nefndarmenn ISK 134.550 á mánuði.



TILNEFNING TVEGGJA UTANAÐKOMANDI AÐILA Í ENDURSKOÐUNARNEFND

Stjórn leggur til að aðalfundur tilnefni eftirfarandi í
endurskoðunarnefnd félagsins:

- Lárus Finnbogason, sem formann nefndarinnar.
- Gunnar Svavarsson.



TILLAGA UM HEIMILD STJÓRNAR TIL KAUPA Á EIGIN BRÉFUM

Aðalfundur Ísfélags hf. haldinn í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 23. apríl 2025 samþykkir að veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

